

Suðvesturland



Skóglendi Heiðmörk nær yfir rúmlega 3.000 hektara og þvert í gegnum svæðið er um 13 kílómetra langur vegur, frá Rauðhólum suður í Vífilstaðahlíð.

Heiðmörkin er heillandi staður

Útivistarparadís í útjaðri borgarinnar. 3.200 hektarar og milljónir trjáplantna. Síamannaflöt og Þjóðhátíðarlundur. 500 þúsund gestir á ári.

Víð höfum þá tilfinningu að fólki sem leggur leið sína um þetta fallega svæði sé alltaf að fjölga. Það er í takt við almennt aukinn áhuga á útivist. Við fundum raunar skýra breytingu strax eftir hrun. Fólk hætti að fara í lengri og dýrari ferðir en uppgötv-aði þá þetta fallega svæði sem mörgum virðist ekki kunnugt um,“ segir Helgi Gíslason framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Milljónir plantna

Heiðmörkin er heillandi staður. Í túnfæti borgarinnar er fallegur skógur og vinsælt útivistarsvæði. Heiðmörkin nær yfir upplönd Garðabæjar og Reykjavíkurborgar. Raunar lætur nærri að Heiðmerkurlandið, sem er 3.200 hektarar, sé nærri því jafn stórt og allt byggt svæði í Reykjavík. Gefur sá mælikvarði fólki ef til vill einhverja tilfinningu fyrir því hve stórt þetta svæði er.

Skógræktarfélag Reykjavíkur gaf árið 1940 út bækling sem hét Friðland Reykjavíkur ofan Elliðavatns. Um líkt leyti varpaði Sigurður Nordal prófessor fram þeirri hugmynd í útvarpi að svæðið yrði nefnt Heiðmörk. Fáum árum síðar var svæðið girt af og gróðursetning hófst svo árið 1949, þótt formlega sé sagt og skrifað að starf í Heiðmörk hafi farið af stað árið 1950. Þar hafa á und-

angengnum áratugum verið gróðursettar milljónir trjáplantna og eftir því sem skógurinn stækkar og nær yfir stærra svæði – þeim mun fállegra verður það. Alls eru 1300 ha. í Heiðmörk vaxnir skógi.

Níu útivistarlundir

Tvær meginleiðir liggja inn í Heiðmörkina. Úr norðri frá Rauðhólum, þar sem beygt er af Suðurlandsvegi skammt ofan við Reykjavík og ekið til suðurs. Þar er fyrst farið um hlykkjóttan veg að Elliðavatni, sem er vinsælt meðal veiðimanna. Gamli Elliðavatnsbærinn setur sterkan svip á umhverfið þarna, en húsið er að stofni til frá árinu 1862.

Frá vatninu liggur leiðin suðaustur svonefndan Heiðaveg. Þar eru nokkrir þeirra níu útivistarlunda sem eru í Heiðmerkurskógum. Má þar meðal annars nefna svonefnda Vígsluflöt, svæðið þar sem fyrstu trén voru sett í jörð fyrir 64 árum. Þarna eru og víða lundir og rjódur, kennnd við t.d. félög, fyrirtæki og sendiráð erlendra ríkja enda var gróðursett í þau af fólki tengdu þessum aðilum.

„Reitur Ferðafélags Íslands sem er á þessum slóðum er mjög fallegur og eins Síamannaflöt, þar sem Félag íslenskra síamanna gróðursetti um langt skeið,“ segir Helgi. Nefnir einnig Furulund, sem var gerður árið 2000 í tengslum við að Reykjavík var kjörin Menning-



Samvera Gæðastund fjölskyldunnar sem fór í gönguferð um Búrfellsgjá syðst á Heiðmerkursvæðinu.



Útivist Stígkerfið í Heiðmörk er þéttrið og á fállegum vordögum er svæðið vinsælt til dæmis meðal hjólréiðafólks og hestamanna.

Við gróðursetjum þúsundir plantna í Heiðmörk á hverju einasta ári. Myndum raunar vilja gera enn betur þar.

arborg Evrópu. Þá er á svæðinu svonefndur Þjóðhátíðarlundur sem gróðursett var í árið 1974, þegar ellu efu alda afmælis Íslandsbyggðar var minnst.

Frá Hjallaflötum í Búrfellsgjá

Frá Rauðhólum suður í hinn enda Heiðmerkur, það er nærri Vífilstaðavatni, eru alls 13 km. Hefur þá verið farið um fjölbreytt landslag um hraun, skóga, opin svæði og svo mætti áfram telja. Eins og fram kom í fjölmiðlum á dögnum er vegurinn þó torfær á köflum, þar sem ekki hefur náðst samkomulag um hvort vegabætur skuli greiddar af ríki eða sveitarfélögunum.


„Við gróðursetjum hér þúsundir plantna á hverju einasta ári. Myndum raunar vilja gera enn betur þar,“ nefnir Helgi. Bætur þar við að í seinni tíð hafi þunginn verið lagður í gróðursetningu á t.d. ösp og reyni í svæði þar sem lúpínu hefur verið sáð til jarðvegsmyndunar fyrir annan gróður.

„Okkur telst svo til að um 500 þúsund manns komi í Heiðmörk á hverju ári. Þetta er ótrúlegur fjöldi, sem sýnir hve áhugavert þetta svæði er,“ segir Helgi. Í því sambandi nefnir hann meðal annars Búrfellsgjá, einkonar hrauntröð sem liggur að fjallinu Búrfelli. Í gjána er gengið frá svonefndum Hjallaflötum. Þær eru nærri Vífilstaðahlíð, sem aftur er syðsti hluti Heiðmerkursvæðisins. sbs@mbl.is



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Skógarmaður Helgi Gíslason framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur fyrir framan Elliðavatnsbæinn sem er rúmlega 150 ára.



Loftmyndir ehf.